

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1989

12. apríl 1989

271

Nr. 21

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. apríl 1989 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. málsgrein 111. gr. orðist svo:

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B.A. prófs er krafist minnst 90 e og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á allt að 45 e viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi. Einnig er deildinni heimilt að gefa kost á 60 e framhaldsnámi til M.A. prófs.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1989.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

18. apríl 1989

Nr. 22

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við síðustu málsgrein 36. gr. laganna bætist eftirfarandi málslíður: Lyfjaverslun ríkisins er þó heimilt að selja bóluefni til ónæmisadgerða samkvæmt lögum nr. 38/1978, um ónæmisadgerðir, með síðari breytingum, svo og flúortöflur og flúorupplausnir til tannverndar, til lækna (tannlækna), heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

A 19

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg